

**Vinnureglur um fréttir og dagskrárefni
og um þátttöku frambjóðenda til almennra
kosninga í dagskrá Ríkisútvarpsins**

(settar af útvarpsstjóra 6. júní 2025)



Inngangur

Starfsfólk skal kynna sér vel og virða lög um Ríkisútvarpið nr. 23/2013, einkum 4. mgr. 3. gr. um starfshætti RÚV, siðareglur Ríkisútvarpsins og lög um fjölmiðla nr. 38/2011. Vinnureglur þessar eru viðbót. Fréttamenn skulu einnig taka mið af siðareglum Bláamannafélags Íslands.

Reglur þessar skulu hafðar til hliðsjónar við kaup á efni og við gerð efnis sem er framleitt fyrir RÚV.

Fréttaöflun og miðlun skal ávallt fara fram í góðri trú og vera reist á traustum grunni staðreynda.

Fréttastofan og dagskrárdeildir RÚV eru sjálfstæðar í störfum sínum. Eiganda RÚV, stjórn og stjórnarmönnum er óheimilt að hlutast til um frétttaflutning eða aðra dagskrá.

RÚV er hluti af almannavarnakerfi landsmanna. RÚV skal koma á framfæri tilkynningum frá almannavörnum, löggæslu, Veðurstofu Íslands, slysavarnafélögum eða hjálparsevitum ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst.

Framkoma og samskipti

- 1. gr.** Starfsfólk í fréttta- eða efnisöflun skal kynna sig og gera grein fyrir því að það sé að vinna fyrir RÚV. Frá þessu má víkja við sérstakar aðstæður en aðeins að höfðu samráði við fréttastjóra eða dagskrárstjóra, eftir atvikum.

Þegar starfsfólk RÚV er á vettvangi í fréttta- eða efnisöflun skal það gæta þess að koma fram við allt fólk af kurteisi og tillitssemi og hafa í huga að litið er á það sem fulltrúa RÚV. Starfsfólk skal halda stillingu sinni þó að framkoma viðmælenda og annarra á vettvangi kunni að gefa tilefni til annars.

Sé þess óskað ber starfsfólki að skýra viðmælendum og heimildarmönnum frá því með hvaða hætti viðtöl eða upplýsingar verða notaðar.

Óski viðmælendi eftir því getur starfsmaður lesið upp það sem haft er eftir viðkomandi, hvort heldur er beina eða óbeina ræðu. Viðmælendur eiga ekki rétt á að fá afrit af handriti fréttar til yfirlestrar og athugasemda.



Óski viðmælandi eftir að endurtaka viðtal vegna mismæla eða missagnar skal orðið við þeirri beiðni ef mögulegt er. Þó er heimilt að nota atriði úr fyrri töku komi mikilvæg efnisatriði ekki fram í þeirri síðari.

Ekki má afla upplýsinga eða fá fólk í viðtöl á fölskum forsendum nema að vel athuguðu máli og/eða upplýsingaréttur almennings krefjist annars, sbr. 26. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011. Í slíkum tilvikum skal hafa samráð við eða leita heimildar fréttastjóra eða dagskrárstjóra, eftir atvikum.

Áður en eiginlegt símaviðtal er tekið upp skal viðmælanda gerð grein fyrir því. Fréttastjóri eða dagskrárstjóri, eftir atvikum, getur veitt undanþágu frá þessu. Símtöl, viðtöl og önnur samskipti eru til birtingar (e. on record) nema annað sé tekið fram í upphafi.

Fólk hefur fullan rétt til að neita viðtölum eða þátttöku. Starfsfólk hefur einnig fullan rétt til að skýra frá og birta slíka neitun. Náist ekki í viðmælanda, kjósi hann að svara ekki fyrirspurnum eða að bíða með svör á það ekki að verða til þess að frétt eða umfjöllun falli niður.

RÚV virðir tímamörk (e. embargo) á fréttum/upplýsingum. Hafi aðrir fjölmiðlar hins vegar birt fréttir/upplýsingar fyrir sett tímamörk metur fréttastjóri eða dagskrárstjóri, eftir atvikum, hvort rétt sé að halda áður sett tímamörk.

Viðmælendur geta ekki sett skilyrði um hvaða starfsmaður vinnur frétt eða umfjöllun.

Viðmælendur eru kynntir með nafni ásamt starfsheiti eða annarri tengingu við umræðuefni ef ástæða er til.

Þegar starfsfólk RÚV tekur við athugasemdum frá almenningi skal það kynna sig og biðja viðmælendur um slíkt hið sama. Starfsfólki ber ekki skylda til að taka við aðfinnslum frá fólki sem ekki vill kynna sig.

Frásagnir af slysum og viðkvæmum málum

- 2. gr.** Sérstaka aðgát skal hafa við fréttir og umfjöllun um erfið og viðkvæm mál. Starfsfólki ber að sýna nærgætni og skilning á aðstæðum. Ráðgast skal við fréttastjóra, vaktstjóra eða dagskrárstjóra um frágang og framsetningu efnis af þessu tagi.

Umfjöllun um börn

- 3. gr.** Gæta skal sérstakrar varkárni þegar fjallað er um börn í fréttum og dagskrárefni. Áður en umfjöllun er birt um tiltekið barn eða börn skal meta hvaða áhrif hún getur haft og gæta þess að hagsmunir barnsins eða barnanna séu hafðir í fyrirrúmi óháð samþykki forsjáraðila.

Ef umfjöllun getur talist viðkvæm eða meiðandi fyrir barn skal leitast við að láta ekkert koma fram í henni sem hægt er að rekja til barnsins eða fjölskyldu þess. Þetta á sérstaklega við þegar grunur er um að barn hafi brotið af sér eða brotið hafi verið gegn því.

Sjálfræðisaldur miðast við 18 ár og sakhæfisaldur er 15 ár og er að jafnaði miðað við þau aldursmörk.

Dóms- og lögreglumál

- 4. gr.** RÚV fjallar um dóms- og lögreglumál eins og aðra frétt næma atburði í þjóðfélaginu. Fréttamat ræður því hvort tiltekin mál eru tekin fyrir.

Starfsfólk skal hafa í huga þá meginreglu íslensks réttarfars að sakborningur telst saklaus uns sekt hans er sönnuð.

Sérstakrar vandvirkni skal gætt þegar sagt er frá kærum eða ásökunum um refsiverða háttsemi og leitað samráðs við fréttastjóra, vaktstjóra eða dagskrárstjóra ef ástæða er til. Starfsfólk skal leitast við að fá afrit af ákærum. Ekki skal taka viðtal við einstakling sem er ákærður fyrir refsiverða háttsemi eða hefur verið sakaður um slíkt nema að vel athuguðu máli og með leyfi dagskrárstjóra eða fréttastjóra, eftir atvikum.

Ekki skal taka viðtal við dæmdan mann um það mál sem hann var dæmdur fyrir nema hinn dæmdi sé opinber persóna eða sérstök rök séu fyrir því að taka viðtalið.

Mynd- og nafnbirtingar

- 5. gr.** Myndir af slysavettvangi skulu meðhöndlaðar af varkárni og tillitssemi. Nöfn þeirra sem látast í banaslysum skal aðeins birta í samráði við aðstandendur, lögreglu, prest eða önnur þar til bær yfirvöld. Í sérstökum tilvikum geta útvarpsstjóri og/eða fréttastjóri heimilað birtingu nafna án samráðs við framangreinda aðila.

Nöfn og myndir í sakamálum skulu aðeins birtar að vel athuguðu máli og í samráði við fréttastjóra, vaktstjóra eða dagskrárstjóra eftir atvikum.

Gæta skal að því að persónugreinanlegar upplýsingar svo sem kennitölur, heimilisföng og bílnúmer, komi ekki fram í umfjöllun um mál. Fréttastjóri og dagskrárstjórar geta þó veitt undanþágu frá þessu.

Hlutlægni og leiðréttingar

6. gr. Starfsfólk skal gæta hlutlægni og sanngirni í störfum sínum og tekur ekki efnislega afstöðu til mála sem það fjallar um.

Reynt skal eftir megni að afla upplýsinga frá fleiri hliðum en einni í umfjöllun um mál og mismunandi sjónarmiðum komið á framfæri á sambærilegum vettvangi, í sömu frétt, sama fréttatíma eða á vef RÚV.

Í umfjöllun um mál þar sem mörg og mismunandi sjónarmið eru fyrir hendi, til dæmis í stjórn málaumræðu skal leita jafnvægis þegar til lengri tíma er litið.

Ef ekki næst í aðila eða málsvara þess máls sem er til umfjöllunar við vinnslu fréttar skal þess getið í lok fréttarinnar.

Um álitamál sem eru til umfjöllunar í þáttum/dagskrárefni gildir hið sama. Listgagnrýni og skoðanapistlar eru að jafnaði undanþegnir þessari reglu.

Í málum þar sem erfitt er að fá ólík sjónarmið fram, svo sem vegna þagnarskyldu, skal sýna sérstaka gætni við vinnslu fréttar. Sama gildir um viðtöl og umfjöllun í annarri dagskrá. Sé um að ræða alvarlegar ásakanir, svo sem um refsiverða háttsemi, verður að gefa viðkomandi möguleika til andsvara í sömu umfjöllun eða geta þess að sjónarmiða hans sé að vænta, náist ekki í viðkomandi eða kjósi hann að tjá sig ekki.

Geri RÚV mistök og skýri rangt frá ber að leiðrétta það svo fljótt sem auðið er og biðjast velvirðingar á mistökunum. Ekki skal reyna að fela, breiða yfir eða draga úr mistökum eða rangfærslum.

Hagsmunatengsl og hagsmunaárekstrar

7. gr. Starfsfólki er óheimilt að þiggja greiðslur eða gjafir frá utanaðkomandi aðilum, í hvaða formi sem er, fyrir störf sem það vinnur hjá RÚV.

Starfsfólki er ekki heimilt að nýta starf sitt eða stöðu sér til tekna eða ávinnings. Fréttamönnum og fastráðnum dagskrárgerðarmönnum er almennt óheimilt að vinna aukavinnu eða stök verkefni fyrir aðra fjölmiðla. Fréttastjóri eða dagskrárstjóri, eftir atvikum, getur veitt undanþágu samræmist það störfum fyrir RÚV. Öðrum störfum ber starfsfólki að gera grein fyrir og fá leyfi næsta yfirmanns áður en það tekur þau að sér.

Fréttamönnum og fastráðnum dagskrárgerðarmönnum er óheimilt að koma fram í auglýsingum. Eina undantekningin er auglýsingar fyrir RÚV.

Beinar auglýsingar mega ekki birtast í fréttum og fréttatímum og varast skal óbeinar auglýsingar í öllu dagskrárefni, þ.m.t. fréttum. Forðast skal að fjalla um mál sem tengjast starfsfólki á einhvern hátt, pólitískt, persónulega eða fjárhagslega, þannig að um hagsmunaárekstra gæti verið að ræða.

Sé starfsfólk í vafa um hæfi sitt skal það hafa samráð við fréttastjóra eða dagskrárstjóra, eftir atvikum.

Fréttamenn skulu ekki taka þátt í starfi stjórnmalafélaga eða -samtaka. Virk þátttaka í annars konar hagsmunasamtökum, öðrum en stéttarfélagum, er aðeins heimil með leyfi fréttastjóra.

Fréttamönnum er ekki heimilt að starfa við gerð þátta eða dagskrár fyrir aðrar deildir RÚV eða aðra aðila sé það kostað af öðrum en RÚV, nema með leyfi fréttastjóra. Starfsfólki er óheimilt að þiggja laun frá utanaðkomandi aðilum fyrir gerð efnis í dagskrá RÚV nema með leyfi viðkomandi yfirmanns.

Bréfsefni, tölvupóst eða netföng RÚV skal einungis nota fyrir erindi sem tengjast störfum fyrir RÚV. Starfsfólk skal hafa í huga að netföng þess eru í eigu RÚV.

Ákvæði greinarinnar eiga, eftir því sem efni gefur tilefni til, einnig við um dagskrárstjóra og fréttastjóra.

Upplýsingaöflun og nákvæmni

- 8. gr.** Starfsfólk skal í störfum sínum styðjast við heimildir sem það telur traustar. Fréttastofan vitnar í aðra miðla þegar fréttir eru sannanlega frumunnar þar.

Ekki skal nota frásagnir annarra fjölmiðla um viðkvæm eða alvarleg mál nema búið sé að sannreyna að efnisatriði í þeirri frásögn séu rétt. Sé það ekki mögulegt og aðrir fjölmiðlar eru einu heimildir fyrir fréttum eða umfjöllun RÚV, skal þess getið með skýrum hætti.

Heimildir og heimildarmenn

- 9. gr.** Að jafnaði skal heimilda getið nema starfsmaður meti í samráði við fréttastjóra, ritstjóra eða vaktstjóra að sérstakar ástæður séu til þess að gera það ekki. Sama regla gildir eftir atvikum um annað dagskrárefni.

Óski heimildarmaður eftir að nafni hans sé haldið leyndu skal starfsmaður skilyrðislaust gæta fullrar nafnleyndar, sbr. 25. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011. Starfsmanni ber þó að gera fréttastjóra grein fyrir heimildarmönnum sínum fari hann fram á það. Fréttastjóri fer með þær upplýsingar sem trúnaðarmál.

Setji viðmælendur eða heimildarmenn skilyrði fyrir þátttöku sinni í fréttum eða annarri dagskrá skal meginreglan vera að ekki sé fallist á slík skilyrði en hvert tilvik þó metið með tilliti til efnis og annarra ákvæða þessara reglna.

Myndir skal ávallt merkja með uppruna séu þær ekki innanhússmyndir.

Tjáning á samfélagsmiðlum og öðrum opinberum vettvangi

- 10. gr.** Í lögum um Ríkisútvarpið er kveðið á um að það skuli ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð, sbr. og 6. gr.

Allir hafa stjórnarskrárvarinn rétt til tjáningarfrelsis og hefur fréttá- og dagskrárgerðarfólk þar sérstöku hlutverki að gegna. Það er mikilvægt að starfsfólk fréttastofu, dagskrárgerðarfólk og annað starfsfólk sem kemur að dagskrárgerð og fréttum, sé meðvitað um að persónulegar skoðanir þeirra og birting þeirra á samfélagsmiðlum eða öðrum opinberum vettvangi getur haft áhrif á hæfi þess til framangreindra starfa auk þess að stefna trúverðugleika RÚV í hættu. Af siðareglum RÚV og ákvæðum í ráðningarsamningum leiðir að starfsfólk virðir trúnað gagnvart samstarfsfólki og vinnustað, svo sem við notkun samfélagsmiðla.

Ef starfsmaður kys þrátt fyrir þessi tilmæli að tjá afstöðu sína á samfélagsmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi um menn og málefni sem eru, eða kunna að verða, til umfjöllunar í miðlum RÚV getur hann óskað eftir tilfærslu í starfi innan RÚV. Einnig getur RÚV tekið

tillit til þess við úthlutun verkefna, fært starfsmann til í starfi eða gripið til annarra úrræða ef það telur að tjáning hans hafi skaðað traust og trúverðugleika RÚV.

Ef starfsmaður er óviss um hvort tjáning hans á samfélagsmiðlum eða öðrum opinberum vettvangi muni brjóta í bága við skyldu RÚV til að gæta hlutleysis og hlutlægni auk þess að geta rýrt trúverðugleika og traust á RÚV skal hann leita til næsta yfirmanns síns.

Takmarkanir á þátttöku frambjóðenda til almennra kosninga í dagskrá RÚV

- 11. gr.** Ríkisútvarpinu ber að gæta jafnræðis í umfjöllun sinni í aðdraganda kosninga og lýtur sú skylda ekki aðeins að framboðum og frambjóðendum heldur einnig að þeim sem fjölmiðlaþjónustunni er beint til.

Frambjóðendur í kosningum til Alþingis, sveitarstjórna eða embættis forseta Íslands skulu ekki, nema að því marki sem kveðið er á um í reglum þessum, koma fram í dagskrá RÚV frá þeim degi sem framboðsfrestur rennur út.

Miðað er við þá frambjóðendur í hverju framboði sem skipa jafn mörg efstu sæti viðkomandi framboðs og nemur fulltrúatölu þeirri sem kjósa á. Sama gildir um frambjóðendur í prófkjöri eða forvali um skipan sæta í framboði eftir að þeir hafa tilkynnt framboð sitt.

Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um skipulagða dagskrá í aðdraganda kosninga (kosninga-dagskrá). Undanþegin eru einnig viðtöl í fréttum og dagskrá við forystufólk framboða eða frambjóðendur enda sé jafnræðis gætt í hvívetna um fjölda og lengd slíkra viðtala.

Fréttastjóri eða dagskrárstjórar geta veitt undanþágu frá ákvæði 2. mgr. þegar einstakir stjórn málaflokkar, fylkingar og/eða frambjóðendur eru sérstaklega til umfjöllunar vegna atriða sem eiga erindi við almenning og tengjast ekki beint framboði eða kosningum.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir atvikum einnig um helstu talsmenn mismunandi fylkinga ef efnt hefur verið til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ákvæði 2. mgr. gildir einnig um starfsfólk RÚV sem í framboði er og skal einu gilda hvort það er fastráðið starfsfólk eða lausráðið, svo og verktaka. Fastráðið starfsfólk

Í fréttum og dagskrárstörfum skal tímabundið leyst frá störfum og því falin önnur verkefni hjá RÚV.

Ákvæði greinarinnar á einnig við, eftir atvikum, um endursýnt efni.

Reglur þessar taka ekki til þátta sem byggjast á sameiginlegu framlagi fleiri en tveggja listflytjenda, svo sem leikrita, kvikmynda eða hljómsveitartónleika.

Yfirmenn skulu vísa vafaatriðum til útvarpsstjóra til endanlegrar ákvörðunar.

Viðmið um notkun gervigreindar

12. gr. Við notkun gervigreindar skal fara að almennum reglum um að sannreyna upplýsingar, heimildir, ljósmyndir og myndskleið, sbr. meðal annars 7. og 9. gr.

Ef gervigreind er notuð við vinnslu fréttar eða dagskrárefnis, eða ef birt efni inniheldur texta eða tal sem gert er af gervigreind, skal geta þess sérstaklega.

Ef gervigreind er hins vegar aðeins notuð sem hjálpartæki en hefur ekki markverð áhrif á lokaútgáfu efnisins þarf ekki að greina frá því.

Dæmi um notkun gervigreindar sem hjálpartækis: Gerð fyrirsagna, texta breytt í léttlesinn texta, talmál umskráð í ritað mál, þýðingar á textum og tali, gerð útdráttar úr tilbúnum texta og aðlögun texta að mismunandi markhópum.

Forðast skal að nota myndir og myndskleið sem gerð eru í heild eða hluta af gervigreind enda getur verið höfundaréttarvarið efni í slíkum myndum og þær veitt misvísandi upplýsingar. Undantekning er þegar myndir og myndskleið af þessu tagi eru til umfjöllunar. Myndir og myndskleið sem unnin eru með aðstoð gervigreindar ætti að merkja sérstaklega sem slík.

Gildistaka

13. gr. Reglur þessar taka gildi við útgáfu og taka við af eldri reglum frá 21. mars 2024.

Ríkisútvarpinu, 6. júní 2025

Stefán Eiríksson útvarpsstjóri.

